



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 10. desember 2008

Ákvörðun nr. 60/2008

### **Samruni Bílaumboðsins Öskju ehf. og Ræsis hf.**

#### **I.**

##### **Málavextir og málsmeðferð**

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 26. ágúst 2008, frá Telmu Halldórsdóttur hdl. f.h. Bílaumboðsins Öskju ehf. (hér eftir Askja). Í bréfinu var greint frá því að Askja hefði gert kaupsamninga, dags. 25. ágúst 2008, um kaup á vörubirgðum og lausafé af Ræsi hf. og Ræsi-Fasteignum hf. (hér eftir Ræsir) Í bréfinu kemur fram það mat að umræddir kaupsamningar fælu ekki í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga m.a. vegna þess að eingöngu væri um kaup á vörubirgðum og lausafé að ræða.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. ágúst 2008, var Öskju tilkynnt að eftirlitið teldi ljóst af gögnum málsins að sá hluti af starfsemi Ræsis sem samningur Öskju og Ræsis fjallaði um fæli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Varðandi það hvort um tilkynningarskyldan samruna væri að ræða var vísað til 17. gr. a samkeppnislaga þar sem m.a. er fjallað um veltumörk.

Þann 4. september 2008 barst Samkeppniseftirlitinu svo samrunatilkynning vegna framangreindra viðskipta. Tekur samrunaskráin mið af viðauka í reglum nr. 684/2008 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Samrunaskránni fylgdu einnig m.a. ársreikningar félaganna fyrir árin 2006 og 2007 en einnig höfðu borist áður með bréfi Öskju frá 26. ágúst 2008, gögn sem fylgja eiga samrunatilkynningu, s.s. umræddir kaupsamningar.

#### **II.**

##### **Niðurstöður**

#### **1.**

##### **Samruni**

Með þremur samningum, dags. 25. ágúst 2008, keypti Askja bæði lausafé (aðallega vélar og tæki) og vörubirgðir af Ræsi. Samkvæmt samningunum nam kaupverð á lausafé af Ræsi fasteignum hf. [...]² þús. kr. (samningur 1), kaupverð á lausafé af Ræsi hf. [...]³ þús. kr. (samningur 2) og kaupverð á vörulager af Ræsi hf. [...]⁴ þús. kr. (samningur 3). Að mati Samkeppniseftirlitsins fela

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



kaupsamningarnir í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Um starfsemi samrunaaðila segir í samrunaskrá að Askja hafi tekið við umboði fyrir Daimler (sem framleiði Mercedes-Benz bifreiðar) þann 1. mars 2005. Askja selji Mercedes-Benz bifreiðar og annist þjónustu við þær. Um Ræsi segir að það félag hafi hætt starfsemi en hafi áður starfað sem viðgerðaraðili bifreiða og hafi sérhæft sig í viðgerðum á Mercedes-Benz, Mazda og Chrysler bifreiðum auk þess sem félagið hafi unnið að vetnisverkefnum.

## 2.

### **Markaðurinn og mat á samkeppnislegum áhrifum**

Við mat á samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu.

Í samrunaskrá kemur fram það sjónarmið að þeir markaðir sem mál þetta varði séu fyrst og fremst markaður fyrir viðgerð á notuðum Mercedes-Benz bifreiðum og markaður fyrir sölu á varahlutum. Að því er varði sölu á nýjum Mercedes-Benz bifreiðum sé Askja eftir sem áður eini löggilti sölu- og viðgerðaraðili Mercedes-Benz á Íslandi og muni það ekki breytast við samrunann. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður Ísland.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þessa skilgreiningu samrunaaðila á þeim markaði sem samruninn hefur áhrif á. Ljóst er að við samrunann mun Askja taka yfir þann hluta rekstrar Ræsis sem lítur að viðgerðar- og varahlutaþjónustu fyrir Mercedes-Benz bifreiðar. Staða Öskju mun því styrkjast á markaðnum en Ræsi var um langt árabíl eða allt til ársins 2005 með umboð hér á landi fyrir Mercedes-Benz. Núna er það hins vegar Askja sem er með umrætt umboð og því ljóst að möguleikar Ræsis til að veita þjónustu á þeim markaði sem um ræðir til frambúðar munu óhjákvæmilega minnka jafnvel þó verkstæðið yrði starfrækt áfram í óbreyttri mynd.

Eins og komið hefur fram vísar Askja til þess að félagið sé það sem kallað er löggiltur viðgerðar- og söluaðili fyrir Mercedes-Benz hér á landi. Það felur í sér að félagið hefur gert dreifingarsamning (e. general distributor agreement) við Daimler í Þýskalandi (framleiðanda Mercedes-Benz) um að Askja sé eini aðilinn sem Daimler selur beint til á Íslandi, bæði bifreiðar og varahluti. Á hinn bóginn er ljóst að ekki eru allir þeir eigendur eða umráðamenn Mercedes-Benz bifreiða hér á landi sem hafa keypt sínar bifreiðar hjá Öskju eða áður Ræsi, þ.e. af „löggiltum“ söluaðilum. Margir flytja sjálfir inn bifreiðar sínar auk þess sem starfandi eru fyrirtæki bæði hér á landi sem erlendis sem annast innflutning bæði á nýjum og notuðum bifreiðum til Íslands þrátt fyrir að vera ekki með sambærilegan samning við erlenda framleiðendur og Askja hefur gert við Daimler. Af þessu er því ljóst að vegna samnings Öskju við hinn erlenda framleiðanda Daimler nýtur félagið umtalsverðs forkots á við aðra keppinauta.



Hafa verður almennt í huga að „það hefur skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga ef samningar milli erlends framleiðanda og íslensks umboðsmanns leiða til þess að keppinautur getur ekki með samhliða innflutningi orðið sér úti um og selt viðkomandi vöru hér á landi í samkeppni við viðkomandi umboðsmann," sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1998. Að mati Samkeppniseftirlitsins getur það raskað samkeppni ef innlendur umboðsmaður erlends bílaframleiðanda beitir sér þannig að möguleikar keppinauta til að veita sínum viðskiptavinum viðhlítandi þjónustu eru skertir. Einnig er það skaðlegt ef viðskiptavinir fyrirtækja sem stunda samhliða innflutning á bílum eiga erfitt með að fá fullnægjandi viðgerðar- eða viðhaldsþjónustu. Má ætla að innlendir umboðsmenn erlendra bílaframleiðanda séu í mörgum tilvikum þeir aðilar sem helst hafi yfir að ráða nauðsynlegum varahlutum, sérhæfðum tækjum til viðgerða á viðkomandi bifreiðategundum o.s.frv. Líta ber þó til þess að í samkeppnisrétti er þess krafist að óháð verkstæði geti fengið aðgang að varahlutum, tæknilegum upplýsingum og öðrum þáttum til þess að geta keppt við verkstæði umboðsmanns viðkomandi bílaframleiðanda.<sup>5</sup>

Vegna stöðu Ræsis sem óháðs verkstæðis óskaði Samkeppniseftirlitið sérstaklega eftir upplýsingum um það frá Öskju hvaða möguleika þessir aðilar, þ.e. eigendur Mercedes-Benz bifreiða hér á landi sem ekki hefðu verið fluttar inn af Öskju (og/eða áður Ræsi) væru á að kaupa varahluti og/eða fá viðgerðarþjónustu hjá sameinuðu félagi. Í máli Öskju hefur komið fram að öllum eigendum Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi standi til boða bæði viðgerðar- og varahlutaþjónusta hjá Öskju burtséð frá því hvort viðkomandi bifreiðar hafi verið keyptar hjá því félagi og/eða áður Ræsi annars vegar eða öðrum óskyldum aðilum hins vegar. Til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur hefur Askja gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 880/2005.

Sáttin felur í sér að öllum eigendum Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi mun standa til boða viðgerðar- og varahlutaþjónusta hjá Öskju óháð því hvar viðkomandi bifreið hafi verið keypt eða hver og þá hvernig hún hafi verið flutt til landsins. Þá er Öskju óheimilt við sölu á viðgerðar- og varahlutaþjónustu að láta eigendur eða umráðamenn þeirra Mercedes-Benz bifreiða sem félagið hefur flutt inn (og/eða áður Ræsi hf.) njóta annars verðs eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir muni njóta í sams konar viðskiptum. Er þessu ætlað að tryggja jafna stöðu allra

<sup>5</sup> Sjá t.d. reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 1400/2002 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (hluti af EES-samningnum) Í aðfararorðum hennar segir: "Í því skyni að vernda virka samkeppni á markaði viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og til að útiloka ekki sjálfstæða viðgerðaraðila skulu framleiðendur vélknúinna ökutækja veita öllum sjálfstæðum rekstraraðilum, sem áhuga hafa, fullan aðgang að öllum tækniupplýsingum, bilanagreini og öðrum búnaði, verkfærum, þ.m.t. öllum hugbúnaði sem máli skiptir og þjálfun sem þarf til viðgerða og viðhalds á vélknúnum ökutækjum. ... Einkum skal ekki mismuna viðurkenndum rekstraraðilum og sjálfstæðum að því er varðar aðgang, en hann skal veittur þegar um er beðið, án ótilhlýðilegra tafa, og sömuleiðis skal gjaldið fyrir upplýsingarnar ekki verða til að draga úr aðgangi sjálfstæðra rekstraraðila en taka ber tillit til þess að hvaða marki þeir nýta sér hann. Þess ber að krefjast að birgjar vélknúinna ökutækja veiti sjálfstæðum rekstraraðilum aðgang að tæknilegum upplýsingum um ný vélknúin ökutæki á sama tíma og viðurkenndir viðgerðaraðilar fá slíkan aðgang og megi ekki skylda sjálfstæða aðila til að kaupa meira en þær upplýsingar sem þeir þurfa til að inna af hendi umrædda vinnu."



eigenda Mercedes-Benz bifreiða gagnvart Öskju og stuðla að samkeppni í samhliða innflutningi á slíkum bifreiðum.

Þau skilyrði sem Askja hefur fallist á að hlíta nægja að mati Samkeppniseftirlitsins til að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum. Brot á skilyrðunum varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með þremur samningum, dags. 25. ágúst 2008, keypti Bílaumboðið Askja ehf. bæði lausafé og vörubirgðir af Ræsi hf. og Ræsi-Fasteignum hf. Samkeppniseftirlitið telur að samningarnir feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. c samkeppnislaga og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:**

#### 1. gr.

Bílaumboðið Askja ehf. skal veita öllum eigendum Mercedes-Benz bifreiða hér á landi viðgerðar- og varahlutapjónustu óháð því hvar viðkomandi bifreiðar hafa verið keyptar eða hvernig þær voru fluttar til landsins. Er Bílaumboðinu Öskju ehf. óheimilt að synja þeim sem þess óska um kaup á varahlutum og viðgerðarpjónustu nema ríkar málefnalegar ástæður séu forsenda sölusynjunarinnar.

#### 2. gr.

Bílaumboðinu Öskju ehf. er óheimilt við sölu á viðgerðar- og varahlutapjónustu að láta eigendur eða umráðamenn þeirra Mercedes-Benz bifreiða sem félagið hefur sjálft flutt inn (og/eða áður Ræsi hf.) njóta annars verðs eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir munu njóta í sams konar viðskiptum.

**Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson